

NÝTT FLOKKUNARKERFI

• MATARLEIFAR • PAPPÍR/PAPPI • PLASTUMBÚÐIR • BLANDAÐUR ÚRGANGUR



Nýtt flokkunarkerfi úrgangs verður innleitt á Suðurnesjum með vorinu þegar söfnun á matarleifum bætist við söfnun á plastumbúðum, pappír/pappa og blönduðum úrgangi við hvert heimili.

Innleiðingin hefst í vor og heldur áfram fram á haust.

Íbúar þurfa ekki að grípa til aðgerða

Íbúar þurfa ekki að panta nýjar tunnur eða grípa til aðgerða þessu tengt. Mörg heimili flokka þegar plast og pappír og stærsta breytingin felst í að öll heimili fá nú viðbótartunnu fyrir matarleifar.

Það kallar á breytta hegðun við flokkun á úrgangi inni á heimilum og þurfa íbúar almennt að tileinka sér breytta flokkunarsíði.

Öll heimili fá körfu og bréfpoka undir matarleifar

Samhliða tunnuskiptunum verður körfum ásamt bréfpokum fyrir matarleifar dreift á öll heimili. Körfurnar eru hannaðar þannig að vel lofti um innihaldið svo að pokinn haldist þurr. Pokarnir eru svo hannaðir til þess að brotna fljótt og vel niður og henta því vel fyrir lífrænan úrgang.

Mikilvægt er að íbúar noti þessa poka undir matarleifarnar til þess að tryggja gæðin í moltuvinnslunni.

Hringrásarhagkerfið

Breytingin, sem tengist ákvæðum laga um hringrásarhagkerfi sem tóku gildi í ársbyrjun, felur í sér miklar framfarir í umhverfis- og loftslagsmálum. Hún dregur úr urðun sorps og eykur endurvinnslu verðmæta sem sannarlega er að finna í úrgangi og bætir þannig umgengi um jörðina okkar.



A new sorting system for waste!

A new sorting system for waste will be implemented in Suðurnes in the spring, where four waste categories will be collected at each household: Food scraps, plastic packaging, paper/cardboard, and mixed waste.

www.flokkum.is - QR code:



Nowy system sortowania odpadów!

Wiosną w Suðurnes zostanie wprowadzony nowy system sortowania odpadów, w ramach którego w każdym gospodarstwie domowym będą zbierane cztery kategorie odpadów: Resztki żywności, opakowania z tworzyw sztucznych, papier/karton i odpady mieszane.

www.flokkum.is - Kod QR:



SÉRBYLI

Við hvert íbúðarhús verða þrjár tunnur fyrir sorpflokkana fjóra

Í sérbylum bætist því við ein tvískipt tunna.

Í tvískiptu tunnunni verður matarleifum og blönduðum úrgangi safnað í sitt hvort hólfið og plastumbúðir og pappír/pappi fara síðan í sitt hvora tunnuna.



Fyrirkomulag við sérbyli eftir breytingar:



Blandaður úrgangur er brenndur

Úrgangur sem er flokkaður í tunnu undir plast, pappír eða matarleifar er komið til endurvinnsluaðila.

Allur úrgangur sem er ekki flokkaður og hent er í tunnu undir blandaðan úrgang er brenndur. Það skiptir því miklu máli að reyna að flokka sem mest til að halda verðmætum í hringrásarhagkerfinu.



FJÖLBÝLI

Mismunandi fyrirkomulag verður við fjölbýli og fer útfærsla eftir aðstæðum á hverjum stað.

Búið er að greina þörfina á hverjum stað fyrir sig og er markmiðið að fjölga tönnum eins lítið og hægt er.

Jafnframt verður leitast við að halda rúmmáli þeirra óbreyttu, þannig að áfram megi koma tönnum fyrir í sorpgeymslum sem eru þegar til staðar.




Sorprennan verði aflögð

Nú er tækifæri til þess að breyta sorpgeymslunni og nýta hana fyrir eitthvað gagnlegra fyrir íbúana.

Dæmi um fyrirkomulag við fjölbýli...



...og:



Gler- og málmumbúðir á grenndarstöðvar

Málmur má ekki lengur fara í tunnur við heimili og því verður honum safnað á grenndarstöðvum.

Á grenndarstöðvum verður sérsöfnun á gleri, málmum, textíl, skilagjaldsskyldum umbúðum ásamt pappa/pappír og plasti.



www.flokkum.is

Áhugasöm geta skoðað almennar upplýsingar og algengar spurningar og svör um innleiðingu nýja flokkunarkerfisins á vefsvæðinu www.flokkum.is



Skannaðu þennan QR kóða fyrir nánari upplýsingar!

